

Bæjarráð Áborgar
Austurvegur 2
800 Selfossi

Selfoss, 21.11.22

Erindi: Hinseginleikinn í samfélaginu okkar Árborg

Kæra bæjarráð.

Sem íbúi, móðir og sálfræðingur í samfélaginu okkar Árborg hef ég bæði áhuga á og áhyggjur af stöðu og þróun hinseginmálefna á öllum sviðum samfélagsins. Við búum yfir miklum mannauð í þessu sveitarfélagi sem nýtist á hinum ýmsu sviðum sem til þarf svo sveitarfélagið haldist gangandi. Við skiptum öll máli sama hvaða stöðu eða starfi við sinnum innan þess. Það sem undirritaðri langar til að vekja upp með þessu bréfi er hvernig sveitarfélagið getur tekið meiri ábyrgð á þekkingu og sýnileika hinseginmálefna í okkar samfélagi.

Ég starfa sem sálfræðingur bæði hér á svæðinu. Var áður sálfræðingur hjá Skólaþjónustu Árnesþings og þar á undan hjá Skólaskrifstofu Suðurlands meðan hún var og hét. Í tíu ár hef ég sinnt starfi mínu af miklum áhuga og reynt mitt besta til að öðlast meiri þekkingu á mínum sérsviðum, t.a.m. málefnum hinsegin barna og ungmenna. Ég bý við ákveðin forrættindi rétt eins og mörg ykkar, verandi hvít gagnkynhneigð sískynja kona. Sátt í mínu kyni, með mína kynhneigð og mína kynvitund. Öruggr í umhverfinu mínu, heimilinu mínu, vinnunni minni og bý ekki við fordóma af neinu tagi. Staðan er því miður ekki þannig með öll í okkar samfélagi. Hér búa börn og unglingar sem búa ekki við þessi forrættindi. Hér býr fullorðið fólk sem býr ekki við þessi forrættindi. Hér í Árborg. Þetta fólk hefur ekki alltaf röddina sem til þarf til að knýja fram breytingar. Ég hef hins vegar röddina. Þið líka. Og svo margir aðrir. Við þurfum breytingar í okkar sístækkandi samfélagi. Við þurfum að fræða fólkið sem hér býr og sem hér vinnur. Við þurfum áætlun um hvernig sú fræðsla skuli fara fram og hvaða hlutverki hún gegnir vegna þess að hún þarf að vera markviss og stöðug. Ekki bundin hentugleika eða hinsegin viku ár hvert. Við þurfum markmið og skýra stefnu.

Í menntastefnu sveitarfélagsins koma fram margir góðir punktar um hvað sé mikilvægt að efla hjá nemendum sveitarfélagsins. Engin ítarlegri stefna eða áætlun er þó til um hvernig málefnum hinseginleikans skuli mætt á því stigi (grunnskólum). Vissulega er það undir hverjum og einum skóla komið hvernig þau útfæra sínar áætlanir en innan þeirra vantar einnig skýrari stefnu, í það minnsta sýnilegri þar sem undirrituð gat ekki fundið það á heimasíðum skólanna.

Sveitarfélagið hefur svo sína jafnréttisáætlun sem er mjög gott. Fram kemur að „*Stefna Sveitarfélagsins Árborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum* er órjúfanlegur hluti af jafnréttisáætlun sveitarfélagsins, ásamt *Verkferlum og leiðum til úrlausna í eineltis-, áreitnis- og ofbeldismálum á vinnustöðum*“. Í jafnréttisáætlun sést vel að mikill vilji er til að mæta öllum kynjum. Fram kemur þó misræmi í orðalagi og orðanotkun sem þarfnast uppfærslu. Dæmi um þetta má t.d. sjá í kafla 2.2.1 þar sem stendur orðrétt: „*Tryggja að öll störf standi opin án tillits til kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Líta til kynjahlutfalls í sambærilegum*

störfum við ráðningar, reynist tveir umsækjendur jafnhæfir“. Þar á eftir í kafla 2.4 kemur svo kynjatlíhyggja í ljós þar sem stendur orðrétt í kafla 2.4.4: „Að **báðum** (feitletrað af undirritaðari) kynjum séu ljós réttindi sín vegna veikinda barna. Ítrekað í starfsmannahandbók“. Fleiri dæmi eru um það að fögrum orðum sé farið um jafnrétti kynja en er þá aðeins átt við tvö kyn. Einnig kemur fram orðanotkun sem erfitt er að skilja. Þar má nefna í kafla 3.1.2 undir flokkun „aðgerð“ sem fram kemur: „Fræðslufirvöldum í Sveitarfélaginu Árborg og stjórnendum tómstunda, -félags- og íþróttastarfs ber að leitast við að styrkja jákvæða kynímynd barna“. Hvað er jákvæð kynímynd? Er það þýðing á ensku orði? Hvernig gerum við kynímynd jákvæða? Af hverju viljum við það? Viljum við ekki að börnin okkar hafi ímynd sína út frá eiginleikum frekar en kyni? Erfitt er að geta í merkingu þessara orða sem gerir aðgerðarliðinn merkingarlausan, fyrir mig og þá eflaust aðra líka.

Í stefnu sveitarfélagsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er talað um að „Stefnunni fylgja auk þess skýrir verkferlar (sjá fylgiskjal, Verkferlar og leiðir til úrlausna í eineltis-, áreitnis- og ofbeldismálum á vinnustöðum)“. Skjal þetta getur undirrituð ekki fundið á heimasíðu sveitarfélagsins (þegar bréf þetta var ritað) þar sem aðrar stefnur er að finna og væri gott að bæta úr því.

Hvar ætlum við að flokka það bakslag sem á sér stað í baráttu hinsegin fólks hér í okkar sveitarfélagi? Í hvaða stefnu á það heima? Er það ofbeldi? Þarf að tilkynna það sérstaklega eða er nóg að við sem höfum orðið þess vör óskum eftir viðbrögðum? Og hver er aðgerðaráætlunin? Höfum við hana eða þurfum við að móta hana? Þetta bakslag er ekki öllum sýnilegt en sú streita sem hinsegin fólk býr við er eflaust meiri en þið gerið ykkur grein fyrir.

Hægt er að rýna til gagns á mörgum sviðum og betur sjá augu en auga. Ég rýni til gagns í okkar sveitarfélagi með von í brjósti að gera gott betra. Ég sinni hópnum sem mér finnst vanta inn í plönin sem þið búið til og ég veit með vissu að þörf er á frekari aðgerðum. Rödd þeirra þarf að heyrast á einn eða annan hátt. Ég hef ekki endilega svörin ein en ég hef margar hugmyndir og myndi glöð ræða þær sé áhugi fyrir því.

Ég vænti umræðu um efni þessa bréfs á bæjarráðsfundi. Hægt er að hafa samband við mig á [\[redacted\]](#) sé óskað eftir nánari útskýringum eða samtali.

Virðingarfyllst

Hugrún Vignisdóttir

Hugrún Vignisdóttir